

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/ 327 frá 19. janúar 2024 um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/429 um fyrirkomulag, sem fylgja skal, við innheimtu gjalda fyrir kostnað vegna áhrifa af völdum hávaða ⁽¹⁾.
- 2) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/327 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/429 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott samkvæmt samningnum.
- 3) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Texti liðar 37ak (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/429) í XIII. viðauka við EES-samninginn fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/327, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/327, 22.1.2024.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 70, 14.3.2015, bls. 36.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.